

## Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar - 582 (13.1.2023) - Hlíðartún 2A-2B - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

**Málsnúmer** : 202212397  
**Málsaðili** : Pétur ehf.  
**Niðurstaða (stutt)** : Samþykkt  
**Fundardagur** : 13.01.2023

**Inngangur** : Borist hefur umsókn um byggingarleyfi frá Jón Magnús Halldórsson til að byggja parhús að Hlíðartúni 2A-2B. Erindinu var vísað til skipulagsnefndar á 489. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina. Sama hús var áður grenndarkynnt og byggingaráform samþykkt árið 2019, en áform og kynning eru fallin á tíma skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

**Niðurstaða** : Skipulagsnefnd samþykkir að byggingaráform verði grenndarkynnt í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er heimilt að kalla eftir frekari kynningargögnum sé þess þörf. Samþykkt með fjórum atkvæðum.